

## LÖG

**um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt,  
nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum  
(biðtími vegna refsinga o.fl.).**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Umsækjandi, sem er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara og samvistum við hann, hafi verið hér búsettur í þrjú ár frá giftingu, enda hafi makinn haft íslenskan ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
- b. 3. tölul. 1. mgr. orðast svo: Umsækjandi, sem er í skráðri sambúð með íslenskum ríkisborgara, hafi verið hér búsettur í fimm ár frá skráningu sambúðarinnar, enda hafi sambúðarmakinn haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
- c. 3. mgr. orðast svo:

Umsækjandi skal uppfylla skilyrði þess að fá búsetuleyfi útgefið af Útlendingastofnun og hafa slíkt leyfi þegar sótt er um íslenskan ríkisborgararétt. Þetta gildir þó ekki um umsækjanda sem er undanþeginn skyldu til að hafa dvalarleyfi hér á landi samkvæmt lögum um útlendinga.

## 2. gr.

6. tölul. 9. gr. laganna orðast svo: Umsækjandi hafi ekki, héraendis eða erlendis, sætt sektum eða fangelsisrefsingu eða eigi ólokið máli í refsivörslukerfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi samkvæmt íslenskum lögum. Frá þessu má þó víkja að liðnum biðtíma sem hér greinir ef brot eru ekki endurtekin, sekt hefur verið greidd að fullu eða fullnustuð með öðrum hætti og aðrar upplýsingar um umsækjanda mæla ekki gegn því:

<i>Refsing</i>	<i>Biðtími</i>
Sekt lægri en 50.000 kr.	Enginn biðtími.
Sekt 50.000–100.000 kr.	Að liðnu einu ári frá því að brot var framið.
Sekt 101.000–200.000 kr.	Að liðnum tveimur árum frá því að brot var framið.
Sekt 201.000–1.000.000 kr.	Að liðnum þremur árum frá því að brot var framið.
Sekt hærri en 1.000.000 kr.	Að liðnum fimm árum frá því að brot var framið.
Fangelsi allt að 60 dagar.	Að liðnum sex árum frá því að refsing var afplánuð eða frá veitingu reynslulausnar.
Fangelsi allt að sex mánuðir.	Að liðnum átta árum frá því að refsing var afplánuð eða frá veitingu reynslulausnar.

Fangelsi allt að eitt ár.	Að liðnum tíu árum frá því að refsing var afplánuð eða frá veitingu reynslulausnar.
Fangelsi meira en eitt ár.	Að liðnum 14 árum frá því að refsing var afplánuð eða frá veitingu reynslulausnar.
Skilorðsbundinn dómur.	Að liðnum þremur árum frá því að skilorðstími er liðinn.
Ákvörðun refsingar frestað skilorðsbundið.	Að liðnum tveimur árum frá því að skilorðstími er liðinn.
Ákvörðun um skilorðsbundna ákærufrestun.	Að liðnu einu ári frá því að skilorðstími er liðinn.

Þegar talið er að refsing sé úttekin með gæsluvarðhaldi reiknast tíminn frá því að viðkomandi var látinn laus.

Ef hluti dóms er skilorðsbundinn hefst biðtími þegar afplánun lýkur og miðast hann við lengd óskilorðsbundna dómsins.

Ef umsækjandi hefur einungis sætt sektarrefsingum og samanlögð fjárhæð sekta er lægri en 101.000 kr. er heimilt að veita íslenskan ríkisborgararétt ef aðrar upplýsingar um umsækjanda mæla ekki gegn því, enda sé liðið a.m.k. eitt ár frá því að síðasta brot var framið.

Ef umsækjandi hefur verið dæmdur til að sæta öryggisgæslu á viðeigandi stofnun er biðtíminn 14 ár frá því að öryggisgæslu lýkur.

### 3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í lögnum orðast svo:

Sá sem misst hefur íslenskt ríkisfang samkvæmt upphaflegum ákvæðum 7. gr. laga nr. 100/1952 en hefði haldið því ef greinin hefði verið fallin úr gildi á þeim tíma er hann missti íslenska ríkisfangið getur óskað þess við ráðuneytið að öðlast ríkisfangið að nýju, enda uppfylli hann skilyrði 12. gr. og leggi fram fullnægjandi gögn að mati ráðuneytisins fyrir 1. júlí 2016.

Sé viðkomandi undir forsjá annarra skal beiðni borin fram af forsjármanni.

Ef sá sem öðlast íslenskt ríkisfang samkvæmt þessu ákvæði á ógift börn yngri en 18 ára, sem hann hefur forsjá fyrir, öðlast þau einnig ríkisfangið. Hafi barnið náð 12 ára aldri og sé með erlent ríkisfang skal það veita samþykki sitt til að fá íslenskan ríkisborgararétt. Samþykkis skal þó ekki krafist ef barnið er ófært um að veita það sökum andlegrar fötlunar eða annars sambærilegs ástands.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 7. júní 2012.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

Ögmundur Jónasson.